

Tónleikar

í


Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Martial Nardeau

og

Guðrún Sigríður Birgisdóttir

flautuleikarar



18. júní 1991
kl. 20:30

Efnisskrá

Georg Philipp Telemann:
(1681-1767)

Úr sónötu í G-dúr
fyrir tvær flautur.

Soave
Allegro

Frederick Kuhlau:
(1786-1832)

Úr Grand duo concertant
í e-moll op.10

Allegro con espressione
Larghetto

Georges Migot:
(1891-1976)

Six petits préludes

Calandres:	Sunnulævirkjar
Sipiolettes:	Stúflævirkjar
Farlouses:	Þúfutittlingar
Rousselines:	Sandtittlingar
Alouettes:	Sönglævirkjar
Cochevis:	Topplævirkjar

Atli Heimir Sveinsson:
(f. 1938)

Handanheimar
fyrir tvær flautur og segulband

Hljóð og tónar af tónbandi:

Inga Bachmann
Margrét Pálmadóttir
Jóhanna Þórhallsdóttir
Börn úr leiskólanum Gullborg

Tónbandið er framleitt í Stúdíó Stemmu af Sigurði Rúnari Jónssyni.

Telemann starfaði lengst af í Hamborg sem tónlistarstjóri. Hann var að mestu sjálfmenntaður tónlistarmaður, en hafði lagt stund á tungumál og vísindi við háskólann í Leipzig. Eftir hann liggur aragrúi verka. Má þar nefna 44 passíur, meira en 1000 cantótur, 40 óperur og fjölda smærri verka.

Kuhlau fæddist í Hannover og lærði flautuleik, píanóleik og hljómfærði í Brunswick. Árið 1810 fluttist hann til Kaupmannahafnar og þar starfaði hann sem tónlistarmaður konungs. Hann var í miklum metum sem tónskáld, starfaði við Konunglegu Óperuna og kenndi. Árið 1825 hittu hann Beethoven í Vín, og hafði sá fundur eflaust mikil áhrif á hann, enda er Kuhlau stundum nefndur Beethoven flautunnar. Tveim árum fyrir andlát sitt missti Kuhlau mikinn hluta verka sinna í eldsvoða. Margt hefur þó varðveist þ.á.m. margir glæsilegir flautudúettar.

Georges Migot var Parísarbúi. Hann lærði tónsmíðar af Vincent d'Indy og C.M. Widor. Eftir að hafa særst illa í fyrri heimstyrjöldinni hafði hann hægt um sig en samdi mikið af tónlist. Hann var safnvörður 1948-1960 í hljóðfærasafni Tónlistarháskóla Parísar, og naut töluverðrar virðingar í heimalandi sínu. Kaflarnir í flautudúettinum sem hér er fluttur bera nöfn sex smáfugla, og má heyra merkilegt næmi fyrir fuglasöngnum í þessum finlegu smásmíðum.

Atli Heimir segir um verk sitt: "Handanheimar var samið fyrir Guðrúnu og Martial núna í sumar. Verkið er í fjórum andstæðum þáttum. Titill verksins ætti að lýsa innihaldinu: Einhver músik handan hins vanalega, hvorki ný né gömul, falleg, eða ljót, sambland af slúðursögum og skáldskap".

Martial Nardeau og **Guðrún Sigríður Birgisdóttir** hófu að leika saman fyrir 12 árum, þegar þau kynntust í Frakklandi. Þau hafa spilað víða, allt frá göngum neðanjarðarlestanna í París og New York til heimahúsa og tónleikasala í Reykjavík. Martial og Guðrún hafa starfað við tónlistarkennslu og hljóðfæraleik á Íslandi síðan 1982. Á þessum tónleikum leika þau á þverflautur og barokk-flautur.